

**AUGLÝSING**  
**um samning við Bandaríkin um atvinnuréttindi**  
**aðstandenda sendiráðsstarfsmanna.**

Hinn 22. mars 2019 var í Reykjavík gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um atvinnuréttindi aðstandenda sendiráðsstarfsmanna. Samningurinn öðlaðist gildi við undirritun.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

SAMNINGUR MILLI  
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS  
OG RÍKISSTJÓRNAR BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU  
UM ATVINNURÉTTINDI AÐSTANDENDA SENDIRÁÐSSTARFSMANNA

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku,

sem hér eftir kann að vera vísað til hvor í sínu lagi eða sameiginlega sem „aðila“, sem vilja veita aðstandendum sendiráðsstarfsmanna annars aðilans, sem skipaðir hafa verið til opinberra starfa á yferráðasvæði hins aðilans, atvinnuleyfi á gagnkvæmum grunni á yferráðasvæði hins aðilans,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.

*Atvinnuleyfi.*

Aðstandendum sendiráðsstarfsmanna ríkisstjórnar Íslands sem skipaðir hafa verið til opinberra starfa í Bandaríkjunum og aðstandendum sendiráðsstarfsmanna ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku sem skipaðir hafa verið til opinberra starfa í Bandaríkjunum er heimilað að stunda atvinnu á yferráðasvæði móttökuríkisins eftir að hafa fengið viðeigandi leyfi í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Aðstandandi“ er einstaklingur (þ.m.t. barn svo fremi sem það sé a.m.k. 16 ára gamalt en yngra en 21 árs gamalt) hvers skráning er viðurkennd af móttökuríki sem hluti af nánustu fjölskyldu og býr á heimili starfsmanns á sendiskrifstofu, þ.m.t. fastanefndir hjá alþjóðastofnunum eða ræðis-skrifstofur sendiríkis. „Aðstandandi“ samkvæmt þessum samningi nær ekki til nánustu fjöl-skyldumeðlima einstaklings sem hefur fasta búsetu í móttökuríkinu í skilningi Vínarsamningsins um stjórn málasamband eða Vínarsamningsins um ræðissamband.
2. „Sendiráðsstarfsmaður“ merkir sendierindreki, ræðiserindreki og skrifstofu- og tæknistarfsfólk sem skipað hefur verið til starfa á sendiskrifstofu, ræðisskrifstofu og hjá fastanefndum hjá alþjóðastofnunum.

3. gr.

*Málsmeðferð.*

1. Atvinnuleyfi skal veitt aðstandanda á grundvelli stöðu hans eða hennar sem aðstandanda sendiráðsstarfsmanns. Þegar þörf er á skal endurnýja atvinnuleyfi á sama grundvelli í samræmi við sömu málsmeðferð og lýst er hér að neðan vegna upphaflegs atvinnuleyfis.
2. Þegar um er að ræða sendiráðsstarfsmenn ríkisstjórnar Íslands sem skipaðir eru til starfa í sendiráðinu í Washington D.C., íslenskri ræðisskrifstofu í Bandaríkjunum Norður-Ameríku eða í sendinefnd til alþjóðastofnunar, annarrar en Sameinuðu þjóðanna, skal sendiráð Íslands í Washington D.C. senda inn formlega beiðni til skrifstofu erlendra sendinefnda í bandaríska utanríkisráðuneytinu.
3. Þegar um er að ræða aðstandendur sendiráðsstarfsmanna ríkisstjórnar Íslands sem skipaðir eru í fastanefnd ríkisstjórnar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum skal senda inn formlega beiðni til fastanefndar Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum.
4. Þegar um er að ræða aðstandendur sendiráðsstarfsmanna ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku sem skipaðir eru til starfa á yferráðasvæði Íslands, skal sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi senda inn formlega beiðni til utanríkisráðuneytis Íslands.

5. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, eða einhver stofnun eða skrifstofa á þeirra vegum, skal ekki innheimta nokkurt gjald í tengslum við útgáfu eða endurnýjun atvinnuleyfis.
6. Veita skal atvinnuleyfi til aðstandanda án þess að fara fram á sönnur á atvinnutilboði í móttökuríkinu.
7. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku viðurkenna mikilvægi skjótrar afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi og gera ráð fyrir að afgreiða, að meðaltali, slíkar umsóknir á innan við fjórtíu og fimm (45) dögum. Ef önnur hvor ríkisstjórnin gefur upp umtalsvert lengri málsmeðferðartíma fyrir aðstandendur sína en fyrir aðstandendur hinnar ríkisstjórnarinnar, getur hlutaðeigandi ríkisstjórn óskað eftir því að fram fari samráð milli ríkisstjórnanna með það fyrir augum að draga úr ójafnvæginu. Ef engin lausn fæst innan þrjátíu (30) daga, getur hlutaðeigandi ríkisstjórn, eftir að hafa veitt hinni ríkisstjórninni tilkynningu með 30 daga fyrirvara, hætt tímabundið að gefa út eða endurnýja atvinnuleyfi á grundvelli þessa samnings.
8. Telji önnur ríkisstjórnin að verulegt ójafnvægi sé til staðar milli fjölda atvinnuleyfa sem hún hefur veitt og fjölda þeirra sem hin ríkisstjórnin hefur veitt, getur hlutaðeigandi ríkisstjórn óskað eftir því að fram fari samráð við hina ríkisstjórnina með það fyrir augum að draga úr þessu ójafnvægi. Ef engin lausn fæst innan 30 daga, getur hlutaðeigandi ríkisstjórn, eftir að hafa veitt hinni ríkisstjórninni tilkynningu með 30 daga fyrirvara, hætt tímabundið að gefa út eða endurnýja atvinnuleyfi á grundvelli þessa samnings.
9. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, eða einhver stofnun eða skrifstofa á þeirra vegum, skulu ekki fara fram á að atvinnurekandi sýni fram á að enginn ríkisborgari móttökuríkisins sé tiltækur til starfsins, sem skilyrði fyrir ráðningu aðstandanda.

## 4. gr.

*Forréttindi og friðhelgi.*

1. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku staðfesta að hvorki Vínarsamningurinn um stjórnmalasamband né Vínarsamningurinn um ræðissamband veiti aðstandendum friðhelgi að því er varðar lögsögu í einka- eða stjórnsýslumálum ef höfðað er mál sem varðar fag- eða viðskiptastarfsemi, þ.m.t. varðandi atvinnu sem leyfi er veitt fyrir samkvæmt þessum samningi. Hins vegar halda aðstandendur öllum öðrum forréttindum og friðhelgi sem þeim er veitt samkvæmt gildandi samningum þ.m.t. friðhelgi gegn saksókn samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmalasamband eða öðrum gildandi samningum.
2. Aðstandendur skulu standa skil á tekju- og almannatryggingasköttum í móttökuríkinu af öllum greiðslum fyrir atvinnu í móttökuríkinu, að því marki sem það samrýmist alþjóðasamningum og innlendra löggjöf móttökuríkisins.

## 5. gr.

*Lausn deilumála.*

Leysa skal úr deilum sem kunna að rísa í tengslum við samning þennan eftir diplómátskum leiðum með samningaviðræðum milli aðilanna.

## 6. gr.

*Gildistaka og uppsögn.*

1. Samningur þessi öðlast gildi við undirritun.
2. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans. Slík uppsögn skal taka gildi 90 (níutíu) dögum eftir dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar.
3. Komi til uppsagnar á samningi þessum geta einstaklingar sem fengið hafa atvinnuleyfi haldið áfram störfum á grundvelli og í samræmi við skilmála atvinnuleyfa sinna, þar til þau líða undir lok.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 22. dag mars 2019, í tvíriti, á ensku og íslensku.

FYRIR RÍKISSTJÓRN  
ÍSLANDS

*Sturla Sigurjónsson*

FYRIR RÍKISSTJÓRN BANDARÍKJA  
NORÐUR-AMERÍKU

*Jill Esposito*

AGREEMENT BETWEEN  
THE GOVERNMENT OF ICELAND  
AND THE GOVERNMENT OF THE UNITED STATES OF AMERICA  
ON EMPLOYMENT OF DEPENDENTS OF OFFICIAL EMPLOYEES

The Government of Iceland and the Government of the United States of America, hereinafter referred to individually as "Party," or collectively as "Parties," desiring to permit dependents of official employees of one Party assigned to official duty in the territory of the other Party to be authorized to be employed on a reciprocal basis in the territory of the other Party,

Agree as follows:

Article 1

*Authorization of Employment*

Dependents of the official employees of the Government of Iceland assigned to official duty in the United States of America and dependents of the official employees of the Government of the United States of America assigned to official duty in Iceland are authorized to be employed in the territory of the receiving state after obtaining the appropriate authorization in accordance with the provisions of this Agreement.

Article 2

*Definitions*

For the purposes of this Agreement:

1. A "dependent" is an individual including a child (so long as he or she is at least 16 years of age but under 21 years of age) whose accreditation is accepted by the receiving state as a member of the immediate family forming part of the household of a member of a diplomatic mission, including a mission to an international organization, or of a consular post of the sending state. A "dependent" under this Agreement shall not include a member of the immediate family of an individual who is permanently resident in the receiving state within the meaning of the Vienna Convention on Diplomatic Relations (VCDR) and Vienna Convention on Consular Relations (VCCR).
2. "Official employees" shall mean diplomatic agents, consular officers, and members of administrative and technical staff assigned to diplomatic missions, consular offices, and missions to international organizations.

Article 3

*Procedure*

1. Employment authorization shall be accorded to a dependent on the basis of his or her status as a dependent of an official employee. Renewals of employment authorization documents, if neces-

- sary, shall be granted on the same basis and in accordance with the same procedure described below for initial employment authorization.
2. In the case of dependents of official employees of the Government of Iceland assigned to duty at the Embassy in Washington, DC, at an Icelandic consulate in the United States of America, or at a mission to an international organization other than the United Nations, an official request shall be made by the Embassy of Iceland in Washington, D.C. to the Office of Foreign Missions in the Department of State.
  3. In the case of dependents of official employees of the Government of Iceland assigned to the Government of Iceland's Permanent Mission to the United Nations, an official request shall be made to the Permanent Mission of the United States to the United Nations.
  4. In the case of dependents of official employees of the Government of the United States of America assigned to duty in the territory of Iceland, an official request shall be made by the United States Embassy in Iceland to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland.
  5. The Government of Iceland and the Government of the United States of America, or any of their respective political subdivisions, shall not charge any fee in connection with the issuance or renewal of employment authorization documents.
  6. Employment authorization shall be extended to a dependent without requiring evidence of an offer of employment in the receiving state.
  7. The Government of Iceland and the Government of the United States of America recognize the importance of prompt processing of requests for employment authorization and expect, on average, to process such requests within forty-five (45) days. In the event that either Government cites a significantly longer processing time for its dependents than for the other Government's dependents, the concerned Government may request consultations with the other Government with a view to reducing the imbalance. If no resolution is attained within thirty (30) days, the concerned Government may, after 30-days' notice to the other Government, suspend the issuance of new or renewal employment authorizations under this Agreement.
  8. In the event either Government believes that a significant imbalance exists between the number of work permits it has granted and the number of work permits the other Government has granted, the concerned Government may request consultations with the other Government with a view to reducing the imbalance. If no resolution is attained within 30 days, the concerned Government may, after 30-days' notice to the other Government, suspend the issuance of new or renewal employment authorizations under this Agreement.
  9. The Government of Iceland and the Government of the United States of America, or any of their respective political subdivisions, shall not require an employer, as a condition of employing a dependent, to demonstrate that no national of the receiving state is available for such employment.

#### Article 4

##### *Privileges and Immunities*

1. The Government of Iceland and the Government of the United States of America confirm that neither the VCDR nor the VCCR provides dependents with either civil or administrative immunity in an action relating to any professional or commercial activity, including employment authorized pursuant to this Agreement. However, dependents retain all other privileges and immunities to which they are entitled under applicable treaties, including criminal immunity under the VCDR or other applicable treaty.
2. Dependents are responsible for payment of income and social security taxes in the receiving state on any remuneration received as a result of employment in the receiving state, to the extent consistent with international agreements and national legislation of the receiving state.

#### Article 5

##### *Resolution of Disputes*

Any disputes that may arise in relation to this Agreement shall be resolved through diplomatic channels by way of negotiations between the Parties.

Article 6

*Entry into Force and Termination*

1. This Agreement shall enter into force upon signature.
2. Either Party may terminate this Agreement by notification in writing to the other Party. Such termination shall take effect 90 (ninety) days following the date of the written notification of termination.
3. In the event that this Agreement is terminated, individuals who have been granted work permits may continue to work under those permits, in accordance with their terms, until their expiration.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective governments, have signed this Agreement.

Done at Reykjavík, on this 22 day of March, 2019, in duplicate, in the Icelandic and English languages.

FOR THE GOVERNMENT  
OF ICELAND

*Sturla Sigurjónsson*

FOR THE GOVERNMENT OF THE  
UNITED STATES OF AMERICA

*Jill Esposito*